

Símenntunarmiðstöðin á Vesturlandi Fundargerð

114. stjórnarfundur Símenntunarmiðstöðvarinnar á Vesturlandi var haldinn fimmtudaginn 10. mars 2022. Fundurinn var haldinn á Teams.

Mætt: Björn Bjarki Þorsteinsson, Lilja Björg Ágústsdóttir, Guðríður Helgadóttir, Ragnheiður Birgisdóttir, Steinunn Inga Óttarsdóttir. Signý Jóhannesdóttir var fjarverandi.

Bjarki bauð fundarfólk velkomið á fundinn og gengið var til dagskrár.

1. Endurskoðaður ársreikningur fyrir 2021 lagður fram

Framkvæmdastjóri fór yfir endurskoðaðan ársreikning fyrir árið 2021, en KPMG sá um endurskoðunina.

Tekjur voru 107.471.338 kr. og rekstrargjöld 112.177.357. Tap ár rekstri, að teknu tilliti til fjármunatekna og gjalda er 3.453.139 kr.

Tapið skýrist fyrst og fremst af minni tekjum m.a. vegna aðstæðna sem sköpuðust vegna Covid og ekki var hægt að koma verkefnum af stað. Einnig var fjárfest í ráðgjafavinnu vegna markaðsmála, breyttrar skjalahögunar og tæknimála og fjárfest í fleiri tækjum en áætlun gerði ráð fyrir.

Það er líka vert að vekja athygli á að kostnaður vegna umsýslu fjarnáms varð mun meiri en áætlun gerði ráð fyrir og framlag ríkisins ekki í takt við umfang. Það er nauðsynlegt að taka ákvörðun fljótlega um gjaldtöku vegna próftöku hjá Símenntun.

Stjórn samþykkti framlagðan ársreikning.

2. Endurskoðun skipulagsskrár

Stjórn fór yfir breytingar á texta í skipulagsskrá. Stjórn samþykkti skipulagsskrána með áorðnum breytingum.

3. Önnur mál

Þar sem þetta var síðasti fundur fyrir stjórnarkjör á aðalfundi 16. mars nk. þá þakkaði stjórnarfólk fyrir sig og ánægjulegt samstarf.

Fleira ekki gert.